



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

1. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps haldinn miðvikudaginn 29. júní 2022 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Brynja Sólveig Pálsdóttir nefndarmaður og Anna Kristín Lárusdóttir í forföllum Heimis Sigurðssonar.

Auk þeirra sátu fundinn: Jóhanna Bríet Helgadóttir fyrir hönd UMFH, Sigurjón Snær Jónsson fyrir hönd UMFH, Matthías Bjarnason fyrir hönd ÍBU og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri.

Gengið til dagskrár:

1. ÍBU með erindi.

Matthías kemur með erindi um ÍBU, vill sækja um samstarfssamning við sveitarfélögin í uppsveitunum og byggja upp öflugt fótboltafélag með meistaraflokki og yngri flokkum.

Með framtíðarsýn fyrir yngri flokka þarf að hafa öruggari fjárhag.

Sumaræfingarplan í ár gengur betur fyrir ÍBU heldur en í fyrra og er hagstæðara, það þarf samt að finna fyrirkomulag sem hentar þjálfurum og iðkendum.

Aðstæður á X-mist vellinum ekki í lagi, vantar klósett og sturtuáðstöðu og búningsaðstöðu fyrir iðkendum.

þarf að skapa framtíðaráætlun.

Mikilvægt að setjast yfir þessi málefni og skoða þetta til hlýta.

Nefndin er ánægð með starfsemi ÍBU fyrir börn og unglunga í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að gott samstarf sé milli ÍBU, UMFH og sveitarfélagsins okkar. Nefndin hvetur sveitafélagið til að samstarfssamningur verði gerður við ÍBU.

2. UMFH með erindi

það þarf að auglýsa starf UMFH í vetur og hvetja börn til að iðka íþróttir og taka þátt í þeirri starfsemi sem er boði. Mikið brotthvarf barna úr íþróttum sl. tvö ár, möguleg áhrif Covid-19

Of lág æfingargjöld miðað við kostnað íþróttá. Þarf að finna góðan farveg fyrir rekstur UMFH og deilda innan þess.

3. Skipulag nefndarinnar og plön næstu 4 árin

a) Sameining Ungmennaráðs

Nefndin er hlynnt sameiningu við Ungmennaráðs í Skeiða- og Gnúverjahreppi. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að málið verði rætt við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúverjahrepps

b) Sumarfrístund

Hugmyndir ræddar um að uppsveitir sameinist í þessum málum og finna farveg fyrir þessi málefni. Mikilvægt að börn hafi afþreyingu yfir sumartímann og að foreldrar geti haft börnin sín í öruggu umhverfi yfir sumartímann.

c) Frístund fyrir börn á miðstigi og þau börn og unglunga sem bíða eftir íþróttum og tómsundum frá skólalokum og að æfingatíma

Nefndin leggur áherslu á að félagsmiðstöð geti nýst fyrir börn á miðstigi til að brúa bil milli skóla og æfinga eða frístunda. Einnig myndi þetta efla félagslíf þeirra barna sem stunda ekki skipulagðar íþróttir. Einnig hefur slík aðstaða og starfsemi mikið forvarnargildi fyrir börn og unglunga.

d) Hreyfing í uppsveitum

Nefndin telur það mikilvægt að upplýsingar um námskeið sem eru í boði í uppsveitum fyrir börn og fullorðna séu íbúum aðgengilegar. Nefndin vill kanna möguleika á því hvort verkefnið Heilsueflandi uppsveitir geti tekið verkefnið að sér. Hugmynd um að nýta líka facebook síðu sveitarfélagsins til að auglýsa afþreyingu og jafnvel Pésann.

4. Önnur mál

a) Geir H. Haarde kom við á fundi og færði nefndarfólki góðar kveðjur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00.